

heimfært undir 230. gr. alm. hegningarlaga, og er hegningin fyrir það hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og braud. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðar-ákvæði dómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Hinum ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda aukarjettardómi skal óraskað. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og flutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálflytningu- og flutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 17/1893:

Rjettvísing

gegn

Þiðriki Þorsteinssyni og
Guðrúnu Sigurðardóttur.

Dómur:

Mál þetta, sem höfðað hefur verið í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gegn Þiðriki Þorsteinssyni, bónda á Háafelli í Hvítársíðu og ógiptri stjúpdóttur hans Guðrúnu Sigurðardóttur fyrir sífjaspell, og, að því Guðrúnu

snertir, einnig fyrir ranga barnsfaðernislýsingu, var dæmt í aukarjetti nefndrar sýslu 25. marz p. á. með þeim úrslitum, að Þiðrik Þorsteinsson var dæmdur til að sæta 2 ára betrunarhússvinnu, en Guðrún Sigurðardóttir dæmd í 4 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-vidurværi. Var ákærði einnig dæmdur til þess að greiða allan sakarkostnað, þannig, að hin meðákærða skyldi greiða in solidum með honum helminginn, þó skyldu hin ákærðu hvort um sig greiða talsmanni sínum varnarlaun, þeim Jóhanni presti Þorsteinssyni og þræp. hon. Magnúsi Andrjessyni, 6 kr. hvorum.

Það er sannað í málinu, að hin ákærða Guðrún hefur átt 3 börn óskilgetin, og það er með eigin játningu hennar, er ekki kemur í bága við það, sem á annan hátt er upplýst, löglega sannað, að hún hefur átt þessi 3 börn með stjúpfaður sínum, ákærða Þiðriki Þorsteinssyni. Hið fyrsta barnið ól hún 20. nóv. 1872, og kenndi það þá öðrum manni; miðbarnið fæddist 27. sept. 1888 og kenndi hún það sama manni. Síðasta barnið ól hún hinn 27. okt. 1890; lýsti hún í fyrstu Jón nokkurn Jónsson föður að því, en hann synjaði fyrir, og gaf það tilefni til þessarar málshöfðunar. Er hin ákærða var prófuð, játaði hún, viðstöðulaust, að stjúpfaðir hennar, ákærði Þiðrik Þorsteinsson, væri faðir allra þeirra 3ja barna, er hún hefði alið, og hefðu þau optlega um langt árabil haft holdleg afskipti hvort af öðru; hefði hún því ranglega kennt öðrum börnin. Að því er kemur til barns þess, er hún ól 1872, þá hefur hinn ákærði kannazt við, að hann hafi verið faðir að því barni; en fyrir þetta afbrot hefur landshöfðingi 31. ágúst 1889 úrskurðað, að málssókn mætti falla niður. Á hinn bóginn hefur ákærði statt og stöðugt

borið það, að hann alls ekki hafi haft neitt holdlegt samræði við meðákærðu stjúpdóttur sína eptir fyrstu barneign hennar, og virðist þessari neitun hans ekki vera löglega hnekkt með öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu. Það verður því að dæma ákærða Þiðrik Þorsteinsson sýknan í þessu máli, en ekki virðist hann geta komizt hjá að greiða tiltölulegan málskostnað. Að því aptur á móti snertir meðákærðu Guðrúnu Sigurðardóttur, þá liggur bein játning hennar fyrir um, að hún um mörg ár optsinnis hefur haft holdlegt samræði við stjúpföður sinn, Þiðrik Þorsteinsson, og er það, sem á annan hátt er framkomid í málinu, þessari játningu hennar til styrkingar, eins og hún einnig hefur játað, að hún hafi ranglega lýst aðra en hann föður að börnum sínum. Afbrot hinnar ákærðu eiga undir 163. og 180. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning hennar, sem er komin yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, eptir öllum atriðum hæfilega ákveðin af hjeradsdómaranum 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Á ákvæði hjeradsdómsins um málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hinna skipudu verjenda í hjeradi, fellst yfirdómurinn. Málskostnað fyrir yfirdómi ber hinum ákærðu að greiða einu fyrir bæði og báðum fyrir eitt, þar með talin málflytningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Á rekstri málsins í hjeradi hefur staðið all-lengi, en hjeradsdómarinn virðist hafa rjettlætt það.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmaet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Þiðrik Þorsteinsson á að vera sýkn í þessu máli að því til hegningar kemur. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hin ákærðu, Þiðrik Þorsteinsson og Guðrún Sigurðardóttir, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Pals Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 17. júlímánaðar.

Nr. 18/1893:

Rjettvísín

gegn

Sigurjóni Einarssyni.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu, uppkvednum 4. marzmánaðar þ. á., er hinn ákærði Sigurjón Einarsson, þá vinnumaður á Svalbarði í Þistilfirði, dæmdur fyrir blóðskömm og hlutdeild í barnsmorði til að sæta 10 ára typtunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar á meðal 6 kr. til hins skipaða talsmanns hans í hjerði.

Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.